

# Umsögn

3. október 2023

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Skrifstofu Alþingis, nefndasvið  
150 Reykjavík



## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skráningu og bókhald (kolefnisbindingar í landi), 46. mál.**

Þann 22. september barst Landgræðslunni rafróstur frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Meðfylgjandi var tillaga til þingsályktunar um skráningu og bókhald (kolefnisbindingar í landi), 46. mál. Óskað var umsagnar Landgræðslunnar og til þess veittur frestur til 6. október.

Landgræðslan starfar á grundvelli laga nr. 155/2018 en markmið þeirra laga er skv. 1. gr. að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Ennfremur ber að vinna að því að nýting taki mið af ástandi lands, stöðva eyðingu og komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi, auka kolefnisbindingu, byggja upp, endurheimta og auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa gagnvart áföllum og náttúruvá o.fl.

Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á ofangreindum lögum, einkum ákvæðum er lúta að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Landgræðslan fagnar því ef ákveðið yrði að ganga í það mikilvæga verkefni að skýra reglur um skráningu og bókhald kolefnisbindingar í landi. Regluverkið er eins og sakir standa ekki nægjanlega mótað og brýn þörf á að skýra það.

Í því samhengi er t.a.m. mikilvægt að vottunaraðilar séu sjálfstæðir og komi hvorki að ráðgjöf varðandi kolefnisbindingaverkefni né heldur rekstri og útfærslu þeirra. Jafnframt verður að setja sem skilyrði að farið sé að alþjóðlegum skuldbindingum, t.d. hvað varðar líffræðilegan fjölbreytileika. Þá er átt við varðveislu landslags og landslagsheilda sem og tegunda og erfðafjölbreytileika þeirra. Að lokum bendir Landgræðslan á mikilvægi þess að íslenskar reglur taki full mið af þeim alþjóðlegu stöðlum varðandi kolefnisbindingu sem settir hafa verið.

Landgræðslan gerir ekki frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu, en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingafyllst

f.h. Landgræðslunnar



Birkir Snær Fannarsson

landgræðslustjóri.